

Mál 16A/2017

Ár 2017, miðvikudaginn 13. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 16A/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 11. maí 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann A, við tíkina B, án þess að rakkinn hefði gilda mjaðmaniðurstöðu við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. júní 2017 og henni gefinn andmælafrestur til 6. júlí. Svar dags. 12. júní barst frá kærðu. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 25. apríl 2017 var rakkinn A, paraður við tíkina B, hinn 23. desember 2016 án þess að rakkinn hefði gilda mjaðmaniðurstöðu við pörun. Hundarnir eru af tegundinni Íslenskur fjárhundur og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Með kærinni fylgdi vottorð þar sem fram kom að rakkinn hafi fengið gildar niðurstöður mjaðmamynda hinn 3. janúar 2017, eða 11 dögum eftir pörun. Í andsvari kærðu kom fram að hún hafi talið að mjaðmaniðurstaðan hafi legið fyrir áður en pörun fór fram og því samþykkt hana.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999). Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. (Gildir frá

01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að rakkinn var ekki með gilda mjaðmaniðurstöðu við pörun. En slík niðurstaða er eitt þeirra gagna sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hann beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóm. Rakkinn hefur nú verið mjaðmamynndaður og niðurstaða kunn á þann veg að rakkinn telst hæfur til undaneldis. Það breytir ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrséð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þá liggur það fyrir að kærða hefur tvívegis áður sætt áminningu siðanefndar, þar af annarri innan síðustu þriggja ára. Kærða er áminnt þriðja sinni.

#### IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt þriðja sinni

f.h siðanefndar

---

Guðríður Valgeirsdóttir

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir